



1. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 2015-2016 haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2015 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18:15.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Anna Sigurðardóttir (AS), Einar Grétarsson (EG) og Geirarður Long.

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins. Gestur fundarins var Óli Valur Steindórsson fulltrúi aðalstjórnar í undirbúningshóp bæjarins um byggingu fjölnota húss.

Eymundur Sigurðsson og Ólafur Thoroddsen boðuðu forföll.

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund nýkjörinnar aðalstjórnar Aftureldingar.

1. Kynning v. vinnuhóps.

Óli Valur Steindórsson fulltrúi aðalstjórnar í undirbúningshóp bæjarins vegna byggingar fjölnota íþróttahallar. Greindi hann frá þeirri vinnu sem þar hefur farið fram á liðnu ári í vinnuhópnum og hver staðan er á málinu í dag. Óli Valur upplýsti að nefndin hefði fengið umboð bæjarráðs til að leita samstarfs við einkaaðila varðandi framkvæmd þessa og að beðið væri eftir viljayfirlýsingu bæjarstjórnar um leiguhluta bæjarins í mannvirkinu. Dagný formaður þakkaði Óla Val fyrir góða kynningu og vék hann því næst af fundi.

2. Kynning á starfinu.

Indriði framkvæmdastjóri fór í máli og myndum yfir starfið í félaginu og á skrifstofunni á liðnu ári/árum til að upplýsa nýja stjórnarmenn um hvað gert hefði verið og hvaða verkefni væru í vinnslu og þyrfti að gera í framtíðinni. Voru fundarmenn ánægðir að fá slíka samantekt því hún myndi flýta fyrir því að koma nýjum fulltrúum í aðalstjórn félagsins inn í starfið sem verið er að vinna og framundan er.

3. Stjórn skiptir með sér verkum.

Dagný Kristinsdóttir formaður, Geirarður Long varaformaður, Birna Kristín Jónsdóttir gjaldkeri, Eymundur Sigurðsson ritari og Anna Sigurðardóttir meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru þeir Einar Grétarsson og Ólafur Thoroddsen. Stjórn ræddi sérstaklega um að allir stjórnarmenn tæku virkan þátt í ákvarðanatöku og að ekki yrði gerð grein á milli aðalmanna og varamanna varðandi umræður og ákvarðanatöku á fundum aðalstjórnar.

Dagný formaður þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og sagði fundi slitið.

Fundi slitið 21:30

Indriði Jósafatsson
(sign.)